



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
b/t Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Húsavík, 7. desember 2016
nr. erindis 201609080

Á 186. fundi byggðarráðs Norðurþings var auglýsing ráðuneytisins til umsókna byggðakvóta lögð fram og í framhaldinu var sótt um úthlutun. Þó láðist að tiltaka þær sérreglur sem Norðurþing óskar eftir að gildi um úthlutunina á árinu 2016/2017. Þær reglur eiga að vera óbreyttar frá fyrra ári og er ósk okkar sú að verði því eftifarandi.

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildissstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skyld að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Norðurþings

Kristján Þór Magnússon
Sveitarstjóri
Norðurþing, Húsavík